

Samantekt yfir fyrri umfjallanir mínar um málefni einkavæðinga banka vegna fundar um Stjórnsýsluúttektarskýrslu Ríkisendurskoðunar um sölu á hlut ríkisins í bankanum 2022

Það að skilgreina hverjir fengju að taka þátt í útboðinu var ávallt skýrt lykilatriði (sjá frétt 21. janúar 2022, tengill neðar). Hæsta verð eða hvernig aðrir þættir vegast mikilvægari krefst skilgreingar á því fyrirfram. Hér skiptir hugtakið *umboðsskylda* (e. *fiduciary duty*) ekki minna máli en gagnsæi ferlis eða hvernig lögum hafi verið fylgt til að markmiðum þeirra sé náð (sjá frétt 15. nóvember 2022 neðar).

Óljós hugtakanotkun og jafnvel hugtakaruglingur varðandi skilgreiningu þeirrar tegundar fjárfesta sem fengu að taka þátt (til dæmis fagfjárfestir, stofnanafjárfestir, kjölfestu- og hornsteinsfjárfestir, til að nefna nokkur) er lykilatriði. Hér skipta máli bæði góðir *stjórnar-* og *stjórnsýslubættir* en ekki síður vönduð stefnumörkun og eftirfylgni hennar, þar kemur umfjöllun nefnda Alþingis og umræður inn í auk *eftirlits*.

Ábendingar um það sem hefði getað farið verr og mátt stöðva eða hægja á ferlinu vegna stríðs (e. *Force Majeure*): Erlendir aðilar hefðu getað viljað kaupa banka til að komast yfir aðgang að SWIFT greiðslumiðlun milli landa sem og einnig fyrir umskipti í rafmyntir (sjá viðauka með umfjöllun). Hér skiptir máli hvernig skilgreint er eignarhald erlendra aðila á grundvallar samfélagslegum innviðum sem að sala á rekstri á hluta peningakerfis lands óneitanlega felur í sér (sjá nánar umfjöllun í greinum í Vísbendingu).

Tímasetningar í ferlinu vekja einnig upp alvarleg umhugsunaratriði. Annars vegar í fyrsta hluta einkavæðingar þegar að heimsfaraldri var ekki lokið og úrvinnslu útlánatapa ekki lokið. Hins vegar í öðrum hluta einkavæðingar þegar að innrásarstríð var hafið í Úkraínu með mikilli óvissu á öllum mörkuðum.

Mikilvægt grundvallar skjal fyrir einkavæðingunni og hafa þarf til hliðsjónar er: *Hvítbók um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið*, auk hinna opinberu minnisblaða Bankaskýslu og greinargerða ráðherra ásamt nefndarálitum úr hinni þinglegu meðferð allri (sem sleppt er vísunum í hér, en fjallað er um að hluta til í þremur meðfylgjandi greinum í Vísbendingu frá síðasta ári).

Athugasemdir við *Hvítbókina* eru enn í fullu gildi en hin litla umfjöllun sem stefnumörkunin hefur fengið skiptir máli þegar að greina þarf orsakir og afleiðingar vandans sem skýrsla dregur fram. Þær athugasemdir fylgja því með þessari samantekt þar sem enn er þar að finna mikilvægustu atriðin sem benda má á í samhengi við fundarefnið. Í upphafi er varað við of miklum hrað í ferlinu og of miklum afslætti við sölu eignanna. Rétt er að benda á að það er skrifað fyrir heimsfaraldur og innrásarstríð, sem hvort um sig eykur enn mikilvægi áherslunnar á að varast hraða og afslætti. Annars er bent á að meðfylgjandi athugasemdir frá 25. jan. 2019 sem eru með sömu númerum og notuð eru í helstu áhersluatriðum og niðurstöðum *Hvítbókarinnar*.

Til þess að traust skapist á framhaldi einkavæðingar og til þess að traust skaðist ekki frekar á stofnunum í og yfir fjármálakerfinu sjálfu er mikilvægt að öllum steinum sé velt til þess að komast að hinu sanna. Það skiptir miklu að draga fram hvað gerðist sem leiddi til þess alvarlega brests á vandaðri stjórnsýslu við meðferð opinberra fjármuna sem skýrsla Ríkisendurskoðunar sýnir að varð í sölnunni 22. mars 2022. Verðákvörðunin og útreikningur á heildarsamtölu eftirspurnar skiptir þar miklu máli en er ekki það eina.

YFIRLIT UM OPINBERA UMFJÖLLUN VARÐANDI ÚTBOÐIÐ Á ÞESSU ÁRI:

Rúv Sjónvarp þann 21. janúar 2022: kvöldfréttir um framhald einkavæðingar Íslandsbanka: <https://www.ruv.is/frett/2022/01/21/val-a-fjarfestum-i-islandsbanka-stora-spurningin>

Rúv Rás 2 þann 25. janúar 2022: Morgunútvarpið, um Íslandsbanka: <https://www.ruv.is/utvarp/spila/morgunutvarpid/23822/7grbd>

Rúv Rás 2 þann 15. nóvember 2022: Morgunútvarp og fréttir um skýrslu Ríkisendurskoðunar: <https://www.ruv.is/frett/2022/11/15/segir-ad-rikissjodur-hafi-ordid-af-miklum-fjarmunum>

YFIRLIT UM NOKKUR ATRÍÐI Í FYRSTA HLUTA EINKAVÆÐINGARINNAR Á SÍÐASTA ÁRI:

Skýrsla ASÍ: Er rétt að selja Íslandsbanka - janúar 2021: https://www.asi.is/media/317020/er-rett-ad-selja-islandsbanka_greinargerð.pdf unnin af sérfræðingahópi sem ég átti sæti í.

Þrjár greinar mínar á síðasta ári í Vísbandinu - tímariti um viðskipti, efnahagsmál og nýsköpun:

- Vísbending: *Vandræðaeignir* - 22. janúar 2021, 3. tbl. 39. árg.
- Vísbending: *Samfélag og fjármagn* - 19. febrúar 2021, 7. tbl. 39. árg.
- Vísbending: *Vegsemd þess og vandi að bjarga, eiga og selja banka* - 2. júlí 2021, 25. tbl. 39. árg.

Bylgjan þann 31. janúar 2021, Sprengisandur: Um krísuna og einkavæðingu banka: <https://www.visir.is/k/03f3ba1a-c7e2-477a-a1cf-83f0cb2ade3f-1612094445735>

Rúv þann 22. júní 2021: Sjónvarpsfréttir um einkavæðingu Íslandsbanka: <https://www.ruv.is/frett/2021/06/22/rikid-faer-vonandi-haerra-verd-fyrir-restina>

Bylgjan þann 27. júní 2021, Sprengisandur: Um verð og tímasetningu einkavæðingar Íslandsbanka: <https://www.visir.is/g/20212126908d/sprengi-sandur-tekist-a-um-soluna-a-is-lands-banka-og-af-glaepa-vaedingu>

VIÐAUKI UM PENINGA, RAFEYRI, SÝNDAREIGNIR OG FJÁRTÆKNILEGA KERFISÁHÆTTU:

Þrjár greinar mínar á þessu ári í Vísbandinu - tímariti um viðskipti, efnahagsmál og nýsköpun:

- Vísbending: *Af peningum og myntum - magni þeirra og gagni* - 28. janúar 2022, 4. tbl. 40. árg.
- Vísbending: *Höfuðbók peninganna, bálkakeðjur og Bitcoin* - 1. júlí 2022, 25. tbl. 40. árg.
- Vísbending: *Þegar traustid hverfur alveg - af dofndandi táknmynd fjár* - 18. nóv. 2022, 42. tbl. 40. árg.

Þrjú útvarpserindi vikunnar og eitt frá upphafi árs:

Rúv Rás 2 þann 8. febrúar 2022: Morgunútvarpið, um: Peninga, rafmyntir og raforku: <https://www.ruv.is/utvarp/spila/morgunutvarpid/23822/7grrbn>

Rúv Rás 1 þann 14. nóv. 2022: Morgunvaktin, um: Grænþvott, rafmynta- og verðbólguvæntingar: Hefst á sextugustu mínútu: <https://www.ruv.is/utvarp/spila/morgunvaktin/23614/7hhgt3>

Rúv Rás 1 þann 17. nóv. 2022: Þetta helst, um: Rafmyntavetur í kortunum eftir gósentíð: <https://www.ruv.is/utvarp/spila/thetta-helst/33405/9uicqj>

Rúv Rás 1 þann 20. nóv. 2022: Upp á nýtt, um: Peninga, hugtakið, sögu og framþróun: <https://www.ruv.is/utvarp/spila/upp-a-nytt/33810/a2dvpb>

Einnig hef ég fjallað á gagnrýnin hátt um þessi mál fyrr á árinu í Ríkisútvarpinu bæði Rás 1 og 2 sem og á opinberum viðburðum meðal annars hjá SFF og KPMG sem ég vísa til neðanmáls í greinunum með tenglum í upptökur og endurtek ekki hér en læt greinarnar fylgja með.

ANNÆÐ TENGT EFNI:

Önnur ritverk mín sem tengd eru efni fundarins er bætt við sem viðbótar heimildum en þær fylgja ekki:

Cash flow accounting in banks - a study of practice doktorsritgerð útgefin á bók árið 2014 sem fjallar um reikningsskil sjóðstreymis fjármálastofnana og áhrif efnahagsreikninga banka á verðmætasköpun í hagkerfinu, á ensku, 336 síður, Háskólaforlagið BAS í Gautaborg, Svíþjóð.

Vad skiljer banker från andra företag? (2015) annar kafli bókarinnar: *Kassaflödet i en bank rapporteras olämpligt i dag! Ett förslag till förändring* (ritstj. dr. Gunnar Wahlström) um sérstöðu bankastofnana.

Skírnir - Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags: *Hinn (al)þjóðlegi peningaleikur. Einkavæðing ríkisbanka í ljósi glæpasagna Þráins Bertelssonar* 195. árg. haust 2021. Meðhöfundur: Jón Karl Helgason, prófessor á hugvísindasviði Háskóla Íslands.